

7. fundur hreppsnefndar Árneshrepps haldinn þriðjudaginn 17. ágúst 2015 kl. 20:00 á skrifstofu hreppsins í Norðurfirði.

Mætt voru Guðlaugur Ágústsson Steinstúni, Gunnar Dalkvist Bæ, Hrefna Þorvaldsdóttir Árnési 2, Elísa Ösp Valgeirsdóttir Árnési 1 og Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík.

Dagskrá

1. Fundur með innanríkisráðherra 19. ágúst.
 2. Fulltrúi í samráðsvettvang sóknaráætlunar Vestfjarða.
 3. Melarétt viðhald.
 4. Leitarseðill 2015.
 5. Hafnarframkvæmdir staða mála.
 6. Tillögur Arinbjarnar varðandi hitaveitumál - fundur
 7. Húsnæðismál
 8. Finnbogastaðaskóli tölvukaup
 9. Lóðarmál á Eyri
 10. Bryggjuball – beiðni um styrk
 11. Bundið slitlag – bílaplan við kaupfélagshús.
- 1) Fundur með innanríkisráðherra verður ekki 19. ágúst en hefur verið boðaður 24. ágúst nk. Ákveðið að biðja Kaffi Norðurfjörð að sjá um veitingar á fundinum 19. ágúst. Hreppsnefnd ákvað að ræða við innanríkisráðherra um eftirfarandi mál: vetrarsamgöngur í Árneshrepp, samskipti sveitastjórnar við Vegagerðina- vísun í tölvupóstssamskipti, helmingamokstur í Árneshrepp þ.e. hver á að borga, hver á að vera notkun á vél Vegagerðarinnar sem staðsett er í hreppnum, samgönguáætlun, verkefni við Litlu Kleif, vegakaflinn frá Djúpavík og innansveitar þ.e. sú leið sem keyrð er daglega af íbúum. Minna á að flestir vegir hér eru fyrsta kynslóð vegna.
 - 2) Ósk um fulltrúa vegna samráðsvettvangs sóknaráætlunar Vestfjarða frá Fjórðungssambandi Vestfjarða tekin fyrir. Oddviti mun hafa samband við Aðalstein Óskarsson hjá Fjórðungssambandinu vegna þessa máls.
 - 3) Viðhald á Melarétt. Kanna þarf hvað þarf að gera við og var ákveðið að biðja Björn Torfason að skoða málið og finna hvað þarf að kaupa af efni.
 - 4) Leitarseðill 2015 ræddur. Gerðar örfáar breytingar í samræmi við fækkun/fjölgun á fé hjá bændum. Sett verður klausa neðst í fjallskilaseðil um væntanlega réttardaga næsta árs.
 - 5) Staða hafnarframkvæmda rædd. Beðið er eftir niðurstöðum úr útboðum á verkinu.
 - 6) Tillögur Arinbjarnar Bernharðssonar varðandi hitaveitulögn rædd. Ákveðið að kalla saman fund með Arinbirni við tækifæri til að ræða þau mál.

- 7) Húsnæðismál hreppsins rædd og sú staða að hér vantar heilsárshúsnæði. Ákveðið var að biðja Arinbjörn Bernharðsson að kanna hvað myndi kosta að gera tvær íbúðir úr stóru íbúðinni í Kaupfélagshúsinu og hvort hann væri til í að vinna það verk með öðrum heimamönnum.
- 8) Tölvukaup fyrir Finnbogastaðaskóla rædd. Ákveðið var að taka tilboði Nýherja og kaupa af þeim tvær tölvur.
- 9) Lóðamál Guðjóns Ingólfssonar á Eyri tekin fyrir og ákveðið að vísa nýjum hugmyndum um staðsetningu frístundahúss alfarið frá vegna fyrri ákvarðana varðandi lóðamálin og jafnframt vegna þess að vegur sem um ræðir er menningarminjar sem ekki má hrófla við að talið er.
- 10) Beiðni um styrk vegna bryggjuballs tekin fyrir. Ekki eru fordæmi fyrir því að skemmtanir séu styrktar af hreppnum í formi peninga. Hinsvegar er hreppurinn tilbúinn til að lána húsnæði og aðstöðu í fiskverkunarhúsi og á plani endurgjaldslaust og gefa rafmagn.
- 11) Búndið slitlag á bílaplan við Kaupfélagshús tekið fyrir. Tilboð liggur fyrir frá Borgarverki sem hljóðar upp á 2.906.200 fyrir búndið slitlag. Kannað verður hjá N1 varðandi þátttöku í kostnaði á móti hreppnum við þessa framkvæmd. Einnig verða aðrar leiðir til fjármögnunar skoðaðar. Haft verður samband við landeigendur vegna málsins.
- 12) Eva oddviti óskaði eftir að gengið yrði frá undirskrift á bréfi til Skipulagsstofnunar vegna Hvalárvirkjunar og var það gert.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 23:35